

Úrskurður

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 17/2005

Skýrr hf.

gegn

Samkeppniseftirlitinu

I.

Hin kærða ákvörðun og kröfur málsaðila

Með bréfi, dags. 19. ágúst 2005, hefur Skýrr hf., með vísan til 4. mgr. 9. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993, kært þann drátt sem orðið hefur á afgreiðslu á kvörtun sem félagið sendi Samkeppnisstofnun (nú Samkeppniseftirlitið) hinn 18. mars 2004.

Með bréfi, dags. 24. ágúst 2005, var málsaðilum tilkynnt að áfrýjunarnefndin teldi álitamál hvort hún hafi að lögum vald til að úrskurða um kærana. Jafnframt var þeim veittur frestur til að koma að skriflegum athugasemdum um það atriði.

Af hálfu áfrýjanda er þess krafist að áfrýjunarnefnd samkeppnismála beiti sér fyrir því að fundin verði lausn á þeim vanda sem valdið hefur töfum á afgreiðslu erindis hans.

Af hálfu Samkeppniseftirlitsins er þess krafist málinu verði vísað frá áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

II. Málavextir

Áfrýjandi lýsir málavöxtum svo að með bréfi, dags. 4. júlí 2005, hafi hann sent viðskiptaráðherra bréf til að vekja athygli á seinagangi samkeppnisyfirvalda á að taka ákvörðun um kvörtun áfrýjanda frá 18. mars 2004 til Samkeppnisstofnunar. Kvörtunin varðar meinta misnotkun Umferðarstofu á markaðsráðandi stöðu á sviði aðgangs að ökutækjaskrá. Samkeppnisstofnun hafi gefið þá skýringu að vegna mikils málafjölda og mannekle tæki langan tíma að sinna þeim málafjölda sem berist stofnuninni. Í svari ráðuneytisins komi fram að það sjái ekki ástæðu til að svara erindinu að öðru leyti en að benda honum á að kæra til áfrýjunarnefndar samkeppnismála óhæfilegan drátt á afgreiðslu málsins í samræmi við 4. mgr. 9. gr. stjórnarsýslulaga.

III. Sjónarmið málsaðila

Sjónarmið áfrýjanda

Af hálfu áfrýjanda er vísað til þess að í 4. mgr. 9. gr. stjórnarsýslulaga sé að finna úrræði fyrir aðila þegar afgreiðsla máls þar sem hann hafi hagsmuna að gæta tefjist óhæfilega. Þar sé að finna kærheimild til þess stjórnvalds sem ákvörðun í málinu verði kærð til. Í 4. mgr. 9. gr. sé sérstök kærheimild, sem sé undantekning frá 2. mgr. 26. gr. stjórnarsýslulaga þar sem gengið sé út frá því að ekki sé unnt að kæra ákvarðanir, sem ekki bindi enda á stjórnarsýslumál, fyrr en málið hafi verið til lykta leitt. Samkvæmt 9. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 sæti ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins kæru til áfrýjunarnefndar samkeppnislaga. Sé því ljóst að áfrýjunarnefndinni, sem sé næsta stjórnarsýslustig fyrir ofan samkeppniseftirlitið, beri að taka kæru áfrýjanda til umfjöllunar og taka efnislega ákvörðun í málinu.

Sjónarmið Samkeppniseftirlitsins

Af hálfu Samkeppniseftirlitsins er vísað til úrskurðar áfrýjunarnefndarinnar í máli nr. 4/1998 en í því máli hafi áfrýjunarnefndin vísað frá kæru vegna dráttar á afgreiðslu erindis til samkeppnisyfirvalda. Ákvæði 1. mgr. 9. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 sé efnislega samhljóða 1. mgr. 9. gr. eldri samkeppnislaga nr. 8/1993. Af þessu fordæmi áfrýjunarnefndarinnar leiði að hún hafi ekki heimild að lögum til þess að fjalla um málsmeðferð hjá Samkeppniseftirlitinu þegar ákvörðun hafi ekki verið tekin í málinu. Þar sem slík ákvörðun hafi ekki verið tekin í þessu máli beri að vísa kæru áfrýjanda frá.

IV.

Niðurstaða

Mál þetta snýst um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins (áður Samkeppnisstofnunar) vegna kvörtunar áfrýjanda til Samkeppnisstofnunar varðandi meinta misnotkun Umferðarstofu á markaðsráðandi stöðu. Telur áfrýjandi að mál hans hafi dregist óhæfilega. Kvörtun hans hefur enn ekki fengið afgreiðslu hjá samkeppnisyfirvöldum en málið er þar til afgreiðslu. Í greinargerð Samkeppniseftirlitsins kemur jafnframt fram að með bréfi, dags. 11. júlí 2005, hafi áfrýjanda og Umferðarstofu verið send tiltekin gögn í málinu og jafnframt hafi verið tekið fram að ákvörðun yrði tekin eins fljótt og auðið væri.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 sæta ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins kæru til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Ákvörðun hefur ekki verið tekin í umræddu máli.

Krafa þess efnis að „áfrýjunarnefnd samkeppnismála beiti sér fyrir því að fundin verði lausn á þeim vanda sem valdið hefur töfum á erindi hans“ fellur utan þess valdsviðs sem áfrýjunarnefnd samkeppnismála er falið samkvæmt samkeppnislögum. Ber því að vísa máli þessu frá áfrýjunarnefndinni.

Úrskurðarorð:

Kæru Skýrr hf. er vísað frá áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

Reykjavík, 10. október 2005

Stefán Már Stefánsson

Anna Kristín Traustadóttir

Erla S. Árnadóttir